



Akraneskaupstaður

Yfirlýsing um kvöð

Landssamtökin Þroskahjálp, kt. 521176-0409, eigandi fasteignanna við Beykiskóga 17, (fasteignanúmer F2333349 / landeignanúmer L207788), 300 Akranesi, hefur fengið stofnframlög frá Akraneskaupstað vegna byggingar á fimm íbúðum sem byggðar verða á lóðinni og lýsir því hér með yfir, í samræmi við ákvæði 7. mgr. 16. gr. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016, að óheimilt er að veðsetja íbúðir sem stofnframlag hefur verið veitt til byggingar eða kaupa á nema Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, hafi veitt skriflegt samþykki sitt fyrir veðsetningunni.

Einnig er því lýst yfir að einungis er heimilt að nota fasteignina í samræmi við ákvæði laga og reglna sem gilda um stofnframlög.

Ofangreindri kvöð skal þinglýst á fasteigna- og landeignanúmer lóðarinnar og síðar á íbúðirnar, strax og hver og ein viðkomandi eining verður veðhæf. Þegar kvöðinni hefur verið þinglýst á allar íbúðirnar skal henni aflétt af fasteigna- og landeignanúmeri lóðanna. Svo lengi sem kvöðin er í gildi skal hennar getið á þinglýsingarvottorðum íbúðanna.

Löggerningar sem gerðir eru í bága við yfirlýsingu þessa eru ógildir.

Óheimilt er að þinglýsa hvers konar löggerningum á fasteigna- og landeignanúmer og/eða íbúðirnar sem fara í bága við yfirlýsingu þessa. Verði löggerningi þinglýst á framangreindar eignir, í trássi við yfirlýsingu þessa, skulu þeir afmáðir úr þinglýsingarbókum að kröfu Akraneskaupstaðar.

Kvöð þessari verður ekki aflýst nema fyrir liggi skriflegt samþykki Akraneskaupstaðar um að aflýsa megi kvöðinni.

Akranes, 16. maí 2019

F.h. Akraneskaupstaðar

F.h. Landssamtakanna Þroskahjálp

Sævar Freyr Þráinsson,
bæjarstjóri

Árni Múli Jónasson,
framkvæmdastjóri

Friðrik Sigurðsson,
formaður húsbyggingasjóðs

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum og fjárræði aðila:
